

# 7. Íslenska

Kennarar: Helga Sigurðardóttir

7

## Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Orðspor 3 - vinnubók og lesbók. Land og synir - verkefni úr sögunni. Skrift, lestur, ýmis verkefni á vef og frá kennara. Unnið með lesskilning, málfræði, ritun og hlustun.

## Námsaðlögun

Nemendur fá aðlagð námsefni ef þörf er á, munnleg skil í stað skriflegra ef það hentar betur. Stuðningsfulltrúi er til aðstoðar eftir þörfum.

## Námsmat

Námsmat er margþætt og byggist á nokkrum þáttum.

Gert er ráð fyrir að nemendur séu látnir vita með fyrirvara hvaða verkefni eru lögð undir mælistiku. Skráð námsmat í Mentor er tvíþætt. Annars vegar eru hæfniviðmið metin sífellt yfir skólaárið og hins vegar fá nemendur lokamat í hverri námsgrein tvisvar á skólaárinu.

Einkunnaskali sem notaður er til að meta viðmið úr námskrám er eftirfarandi:

\* Framúrskarandi

✓ Hæfni náð

◇ Á góðri leið

○ Þarfnast þjálfunar

X Hæfni ekki náð

### VS Íslenska 7. bekkur- þrepamarkmið

- **Hæfnieinkunn (A-D)**

### VS Íslenska 7. bekkur- þrepamarkmið - Talað mál, hlustun og áhorf

- Þjálfast í því að hlusta á fjölbreytt efni
- Tekur þátt í upplestrarkeppni
- Kynnir niðurstöður vinnu sinnar fyrir bekkjarfélögum
- Tekur þátt í umræðum
- Er fær um að tjá sig frammi fyrir hópi og að tjá skoðanir sínar
- Hefur skýran og áheyrilegan framburð
- Sýnir virka hlustun og bregst við á viðeigandi hátt.

### VS Íslenska 7. bekkur- þrepamarkmið - Lestur og bókmenntir

- Viðmið í lestri - orð á mínútu lágmarksviðmið 120 orð almenn viðmið 165 orð metnaðarfull viðmið 190 orð
- Kynnist stuðlum og höfuðstöfum
- Þjálfast í því að lesa upphátt og í hljóði
- Glímir við að greina ljóð
- Þjálfast í lesskilningi
- Les skáldsögu og smásögur og vinnur verkefni úr þeim

### VS Íslenska 7. bekkur- þrepamarkmið - Ritun

- Æfist í því að skrifa stuttar frásagnir
- Æfist í því að endursegja lesið efni
- Æfist í stafsetningu

## VS Íslenska 7. bekkur- þrepamarkmið - Málfræði

- Þjálfist í orðflokkagreiningu
- Þekki óbeygjanleg orð
- Þjálfist í fallbeygingu
- Þekki setningu, málsgrein og efnisgrein
- Þjálfist í stigbreytingu